

Alþingi  
Erindi nr. Þ 132/46  
komudagur 16.11.2006



Alþingi  
hr. Ingvar Þór Sigurðsson, nefndarritari  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. nóvember 2005  
Tilvísun: 2005110023/90.12  
HrH/BH  
08.11.2005


**Efni: Tillaga til þingsályktunar um láglendisvegi.**

Í tillögunni er gert ráð fyrir að Vegagerðinni verði falið að vinna tillögur um að koma ýmsum mikilvægum vegum undir 200 m hæð yfir sjó, oftast með gerð jarðganga, en þverun fjarða er einnig nefnd.

Í greinargerð kemur m.a. fram að líklega mætti koma öllum þjóðleiðum í þessa stöðu með um það bil 100 km af jarðgöngum. Vísað er til jarðgangaáætlunar frá árinu 2000, þar sem talin voru upp 24 jarðgangaverkefni, samtals 150 - 160 km. á lengd.

Nú er hafin vinna við endurskoðun samgönguáætlunar til 12 ára, og nær ný áætlun yfir tímabilið 2007 - 2018. Samhliða þeirri vinnu á að endurskoða jarðgangaáætlun fyrir sama tímabil, og í tengslum við það verða tekin fyrir ýmis atriði sem snúa að svipuðum málum og þingsályktunartillagan fjallar um. Vegagerðin telur því að úttekt eins og flutningsmenn leggja til eigi frekar við í framhaldi af samþykkt nýrra samgöngu- og jarðgangaáætlana.

Virðingarfyllt,

  
Jón Rögnvaldsson,  
vegamálastjóri